

## SAMSTARFSNEFND UM ENDURMENNTUN FRAMHALDSSKÓLAKENNARA; SEF

### Ársskýrsla 2015

Hlutverk SEF er að ráðstafa því fé sem mennta- og menningarmálaráðuneytið úthlutar til endurmenntunar framhaldsskólakennara ár hvert. Nefndin fer yfir umsóknir og gerir tillögur um styrkveitingar. Nefndin mótar jafnframt stefnu sjóðsins, m.a. tegund verkefna sem styrkt eru og verklagsreglur.

Stjórn SEF árið 2015 skipuðu:

- Sigurjón Mýrdal, fulltrúi menntamálaráðuneytis og formaður nefndarinnar
- Edda Kjartansdóttir, fulltrúi Háskóla Íslands
- Kristinn Þorsteinsson, fulltrúi Félags íslenskra framhaldsskóla
- Anna María Gunnarsdóttir og Hanna Björg Vilhjálmisdóttir, fulltrúar Félags framhaldsskólakennara.

Nefndin hélt fimm fundi á árinu:

- 23. febrúar (nefndarfundur og úthlutunarfundur sumarnámskeiða)
- 21. maí (nefndarfundur)
- 21. október (nefndarfundur)
- 12. nóvember (nefndarfundur)
- 25. nóvember (formannafundur faggreinafélaga)

#### Starfsemi

Árið 2015 afréð stjórn SEF að veita styrki til þriggja styrkjaflokka: sumarnámskeiða, gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkja og einingabærra námskeiða í háskólum fyrir kennara. Umsóknarfrestur sumarnámskeiða var 31. janúar 2015 en stjórnin ákvað að fækka umsóknarlotum gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkja úr tveimur í eina og var umsóknarfresturinn til 1. október 2015. Ekki var um eiginlegan umsóknarfrest að ræða í einingarbæra háskólanáminu en Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík sáu um skráningu nemenda sem og að innheimta styrki.

Þar sem töluverður afgangur varð á rekstri SEF árið 2014 voru færðar rúmar 16 milljónir króna á milli ára og voru því 55,7 milljónir króna til ráðstöfunar árið 2015. Ljóst er að nokkur afgangur mun líka færast til ársins 2016 og verður eitt helsta verkefni stjórnarinnar að losa þann afgang þar sem stefna sjóðsins er að koma út á sléttu. Í árslok 2015 greiddi sjóðurinn fyrir það einingabæra háskólanám sem fram fer á vorönn 2016. Eins var sett á stefnuskrá að auka möguleika kennara á slíku námi, t.d. með því að kanna hvort fleiri háskólar séu reiðubúnir að taka slíkt að sér. Ennfremur ætlar stjórnin að kanna hvaða fleiri endurmenntunarmöguleikar standi framhaldsskólakennurum og faggreinafélögum til boða.

Umsýslu sjóðsins annaðist Sigrún Ólafsdóttir, starfsmaður Rannís, þar til í október en þá tók Jón Svanur Jóhannsson við allri umsýslu innlendra menntasjóða hjá stofnuninni. Rannís sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfræði, upplýsingagjöf til umsækjenda, utanumhald funda stjórnar og greiðslur styrkja.

## Fjárhagsuppgjör

### Fjárhagsstaða sjóðs SEF desember 2015

Af fjárlagalið	39.600.000
<u>Fært frá 2014</u>	<u>16.117.341</u>
	55.717.341
<b>Útgjöld</b>	
Sumarnámskeið	17.909.351
Ferðakostnaður kennara af landsbyggðinni	1.560.400
Gestafyrirlestra- og ráðstefnustyrkir	8.650.000
Umsýsla Rannís	2.527.500
Aukastyrkur fyrir STÍL vegna afmælishátíðar	350.000
Vettvangsnám 2015-16	7.800.000
<u>Einingabært nám í háskólum 2015-16</u>	<u>7.800.000</u>
	46.597.251

### Sumarnámskeið

Haldin voru 19 sumarnámskeið og samtals 489 kennarar sóttu námskeiðin. Meðaldagafjöldi námskeiða var 2,3 dagar. Öll námskeið voru haldin á Íslandi að þessu sinni, 15 hjá EHÍ og fjögur hjá öðrum bókhaldsskyldum stofnunum. Nánari upplýsingar um sumarnámskeiðin má sjá í viðauka 1.

Námskeiðshaldari	Nafn - Fagfélag	Heiti námskeiðs
Endurmenntun HÍ	Fagfélag hársnyrtikennara	<i>Pivot point</i>
Endurmenntun HÍ	Félag enskukennara	<i>Teaching the Unteachable – 6+1 Traits of Writing</i>
Endurmenntun HÍ	Félag félagsfræðikennara	<i>Mannréttindi, minnihlutahópar og forréttindastöður</i>
Endurmenntun HÍ	Félag frönskukennara	<i>Les applications pour tablettes en classe de FLE</i>
Endurmenntun HÍ	Félag heimsspekikennara	<i>Heimsspekikennsla og heimsspekileg ráðgjöf</i>

<b>Endurmenntun HÍ</b>	Félag íslenskra sérkennara	<i>PALS fyrir framhaldsskólasérkennara á starfsbrautum</i>
<b>Endurmenntun HÍ</b>	Félag náms- og starfsráðgjafa	<i>Hagnýt verkfæri í náms- og starfsráðgjöf</i>
<b>Endurmenntun HÍ</b>	Félag raungreinakennara	<i>Stærðfræðikennsla í framhaldsskólum</i>
<b>Endurmenntun HÍ</b>	Félag spænskukennara	<i>Leiklist og dans í tungumálakennslu</i>
<b>Endurmenntun HÍ</b>	Félag þýzkukennara	<i>Jugendliche lernen anders</i>
<b>Endurmenntun HÍ</b>	FLÍF – Félag lífsleiknikennara í framhaldsskólum	<i>Hvernig nýtist núvitund í kennslu?</i>
<b>Endurmenntun HÍ</b>	FSF – Félag starfsbrautakennara í framhaldsskólum	<i>Kennsla einhverfra</i>
<b>Endurmenntun HÍ</b>	Samlíf	<i>Smádýr</i>
<b>Endurmenntun HÍ</b>	Samtök sálfræði- og uppeldisfr.kennara	<i>Heilinn og hamingjan</i>
<b>Endurmenntun HÍ</b>	STÍL – Samtök tungumálakennara	<i>Námsmat á grundvelli Evrópurammans – ritun</i>
<b>Fjölbrautaskólinn í Breiðholti</b>	3f – Félag um upplýsingatækni og menntun	<i>Stafrænt kennsluefni og miðlun</i>
<b>Fjölbrautaskólinn í Breiðholti</b>	FATEX – Félag fata- og textílkennara í framhaldsskólum	<i>Stafræn hönnun í textílkennslu</i>
<b>Listaháskóli Íslands</b>	SLHF – Samtök list- og hönnunarkennara á framhaldsstigi	<i>Gjörningar og þverfagleg listkennsla</i>
<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	Samtök kennara í viðskipta- og hagfræðigreinum	<i>Sumarnámskeið SKVOH 2015</i>

### Gestafyrirlestra- og ráðstefnustyrkir

Um er að ræða tvenns konar styrki; annars vegar má veita faggreinafélögum og menntaskólum styrk til að senda tvo einstaklinga á ráðstefnu erlendis og hins vegar styrk sem nýta má í heimsókn gestafyrirlesara í félagið eða skólann. Árið 2015 var aðeins ein umsóknarlota í stað tveggja áður og rann fresturinn út 1. október. 42 umsóknir bárust fyrir samtals 62 einstaklinga; 15 gestafyrirlesara og 47 ráðstefnuþátttakendur. Heildarupphæð umsókna var kr. 9.850.000. Þrjár umsóknir voru síðar dregnar til baka eða breytt. Einni umsókn var hafnað. Hlutu 39 þátttakendur ráðstefnustyrk og allir 15 umsækjendur gestafyrirlesarastyrk. Samtals voru styrkveitingar kr. 8.650.000. Það vakti athygli stjórnar og olli ákveðnum vonbrigðum að aðeins átta framhaldsskólar sóttust eftir styrk úr sjóðnum á móti 17 faggreinafélögum. Eftirfarandi aðilar hlutu styrk:

<b>Félag dönskukennara</b>	230.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 1 ráðstefnustyrkir
<b>Félag enskukennara</b>	400.000	2 ráðstefnustyrkir
<b>Félag félagsfræðikennara í framhaldsskólum</b>	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir
<b>Félag frönskukennara á Íslandi</b>	200.000	1 ráðstefnustyrkur
<b>Félag íslenskra sérkennara</b>	400.000	2 ráðstefnustyrkir
<b>Félag lífsleiknikennara í framhaldsskólum</b>	400.000	2 ráðstefnustyrkir
<b>Félag náms- og starfsráðgjafa</b>	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir
<b>Félag raungreinakennara</b>	400.000	2 ráðstefnustyrkir
<b>Félag starfsbrautakennara í framhaldsskólum – FSF</b>	200.000	1 ráðstefnustyrkur
<b>Félag sögukennara</b>	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir
<b>Félag um leiklist í skólastarfi – FLÍSS</b>	200.000	1 ráðstefnustyrkur
<b>Fjölbrautaskólinn í Garðabæ</b>	400.000	2 ráðstefnustyrkir
<b>Fjölbrautaskólinn við Ármúla</b>	30.000	1 ráðstefnustyrkur
<b>Flensborgarskólinn í Hafnarfirði</b>	400.000	2 ráðstefnustyrkir
<b>Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ</b>	200.000	1 ráðstefnustyrkur
<b>Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum</b>	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir
<b>Kvennaskólinn í Reykjavík</b>	230.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 1 ráðstefnustyrkur
<b>Menntaskóli Borgarfjarðar ehf.</b>	30.000	1 gestafyrirlesarastyrkur
<b>Menntaskólinn við Sund</b>	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir
<b>Samtök kennara í viðskipta- og hagfræðigreinum</b>	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir
<b>Samtök list- og hönnunarkennara á framhaldsstigi</b>	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir
<b>Samtök líffræðikennara, Samlíf</b>	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir
<b>Samtök móðurmálakennara</b>	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir
<b>Samtök sálfræði- og uppeldisfræðikennara</b>	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir
<b>Samtök tungumálakennara, STÍL</b>	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir

Reykjavík 3. febrúar 2016

Jón Svanur Jóhannsson, Rannís

## **Viðauki 1**

### **Sumarnámskeið SEF 2015**

Haldin voru alls 19 sumarnámskeið fyrir 489 kennara árið 2015. Alls námu styrkupp hæðir sumarnámskeiða á þessu tímabili 17.899.352 krónum. Nánari lýsingu á námskeiðunum má sjá á næstu blaðsíðum:

Endurmenntun Háskóla Íslands

**Fagfélag:** Fagfélag hársnyrtikennara

„Pivot Point“

**Fjöldi daga:** 2

**Fjöldi þátttakenda:** 13

**Kennarar**

Nancy Nordheim

**Námskeiðslýsing**

Farið var í greiðslur úr Hair design bókinni. Hvernig öðlast mætti meiri þekkingu á nýju hársnyrtibókunum og hvernig pivot point kerfið virkaði þannig að það nýttist kennurum sem best í starfi.

**Samtals kostnaður:** 1.123.648 kr.

Endurmenntun Háskóla Íslands

Fagfélag: Félag enskukennara

„Teaching the Unteachable – 6+1 Traits of Writing“

Fjöldi daga: 3

Fjöldi þátttakenda: 26

**Kennarar**

Mary Delaney

Hulda Karen Daníelsdóttir

**Námskeiðslýsing**

"This workshop helps teachers to understand the reasons behind challenging behaviour in the classroom gives them new insights with practical strategies for reaching the most challenging learners. We look in particular at:

- Working memory and attention difficulties
- The effects of trauma and loss on behaviour and learning
- Recognising and breaking negative interaction patterns
- Behaviour management vs. behaviour change
- Managing teacher stress and reactions

Understand what is essential in good writing, specifically the place of ideas, organization, voice, word choice, sentence fluency, conventions and presentation, and how to teach these concepts."

Samtals kostnaður: 1.277.714 kr.

Endurmenntun Háskóla Íslands

**Fagfélag:** Félag félagsfræðikennara

„Mannréttindi, minnihlutahópar og forréttindastöður“

**Fjöldi daga:** 3

**Fjöldi þátttakenda:** 34

**Kennarar**

Kai Hafes

**Námskeiðslýsing**

Kynntar leiðir til að auka hæfni félagsgreinakennara til að geta fjallað um minnihlutahópa og forréttindi í mismunandi samfélögum með það að markmiði að efla skilning og umburðarlyndi.

**Samtals kostnaður:** 927.946 kr.



Endurmenntun Háskóla Íslands

Fagfélag: Félag frönskukennara

„Les application pour tablettes en classe de FLE“

Fjöldi daga: 2

Fjöldi þátttakenda: 12

Kennarar

Emmanuel Zimmert

Námskeiðslýsing

Fjallað um hlutverk fartækja (outils nomades et tactiles) í frönskukennslu og farið í helstu atriði er varðar daglega notkun þeirra. Margvísleg smáforrit (applications) kynnt og hvernig hægt er að nota þau til að þjálfa nemendur í hlustun, lesskilningi, talmáli og ritun. Hugtökin „tâche“, „projet“ og „cyber-mission“ kynnt og þátttakendur fá tækifæri til að útbúa kennslugögn sem byggir á smáforritum.

Samtals kostnaður: 743.593 kr.

Endurmenntun Háskóla Íslands

Fagfélag: Félag heimspekikennara

„Heimspekikennsla og heimspekileg ráðgjöf“

Fjöldi daga: 3

Fjöldi þátttakenda: 23

**Kennarar**

Oscar Brenifier

Isabelle Millon

**Námskeiðslýsing**

Fjallað um listina að spyrja, hindranir í heimspekilegri samræðu; að skilgreina vandamál og hugtök; hvernig hugsar fólk saman; hvernig nýtum við heimspekileg tæki til að gefa fólki endurgjöf á frammistöðu sína, hugsun og tilfinningar; þróun sjálfsvitundar með heimspekilegri samræðu; mat á rökum og rök hugsun; heimspekilegar æfingar í skólastofunni. Unnið með viðhorf og hæfni.

Samtals kostnaður: 1.297.707 kr.

Endurmenntun Háskóla Íslands

**Fagfélag:** Félag íslenskra sérkennara

„PALS fyrir framhaldsskólasérkennara á starfsbrautum“

**Fjöldi daga:** 2

**Fjöldi þátttakenda:** 5

**Kennarar**

Dr. Kristen McMaster við Minnesotaháskóla

**Námskeiðslýsing**

Farið yfir helstu þætti er snúa að þjálfun sérkennara á starfsbrautum í að nýta sér PALS lestrarkennsluaðferð, en hún hefur gefið góða raun í lestrarkennslu og árangri. Einnig fjallað um leiðir til að meta framfarir framhaldsskólanemenda í námi og taka ákvarðanir varðandi kennslu, sem byggja á gögnum um námsframvindu.

**Samtals kostnaður:** 763.405 kr.

Endurmenntun Háskóla Íslands

Fagfélag: Félag náms- og starfsráðgjafa

„Hagnýt verkfæri í náms- og starfsráðgjöf“

Fjöldi daga: 1

Fjöldi þátttakenda: 57

**Kennarar**

Einar Birkir Einarsson

Margrét Björk Arnardóttir

**Námskeiðslýsing**

"Fjallað um verkefnastjórnun í samhengi við skipulag fyrirtækja eða stofnana. Lögð áhersla á virka þátttöku og hagnýtar aðferðir. Meðal annars farið yfir:

-Ég, verkefnastjórinn

-Corporate Lifecycle

-Greiningarfundur

-Forgangsröðun verkefna

-Að hrinda verkefni af stað og tryggja að það klárast

-Hvernig vel ég í besta verkefnahópinn?

-Hvað er Agile, Kanban og Scrum? Fjallað um mikilvægustu eiginleika námsmanna 21. aldarinnar

-The new skills the world is looking for. NámsTÆKNI - tækin, öppin, vefurinn – hvernig nýtist þetta allt í námi og starfi? Fjallað um hvernig náms- og starfsráðgjafar geti uppfært þekkingu sína í tækniveröld? Farið yfir mögulegar leiðir á samstarfi og samvinnu náms- og starfsráðgjafa í Evrópu."

Samtals kostnaður: 575.800 kr.

Endurmenntun Háskóla Íslands

Fagfélag: Félag raungreinakennara

„Stærðfræðikennsla í framhaldsskólum“

Fjöldi daga: 2

Fjöldi þátttakenda: 35

**Kennarar**

Eggert Briem

**Námskeiðslýsing**

Meðal efnis á námskeiðinu má nefna innlegg um kunnáttu nemenda við lok grunnskóla og umfjöllun um trausta aðferð til að innleiða brot og brotareikning. Síðar verða rauntölur kynntar með tugabrotanálgun og í framhaldi af því skilgreiningar á markgildum. Fjallað er um hvernig fá má nemendur til að ræða um stærðfræðileg viðfangsefni og hvernig hægt er að öðlast innsýn í viðfangsefni úr daglegu lífi með því að nota stærðfræði, eins og t.d. þegar innihald setningarinnar: "Ég borga og borga og skulda alltaf meira og meira", er krufið til mergjar.

Samtals kostnaður: 765.400 kr.

Endurmenntun Háskóla Íslands

**Fagfélag:** Félag spænskukennara

„Leiklist og dans í tungumálakennslu“

**Fjöldi daga:** 2

**Fjöldi þátttakenda:** 10

**Kennarar**

Stéphane Soulaïne

**Námskeiðslýsing**

Unnið með hvernig dans og leiklist í tungumálakennslu geta eflt tilfinningu nemenda fyrir tungumálinu og gert þá öruggari í að tjá sig. Kenndar margskonar hagnýtar aðferðir við samþættingu tungumála og leikrænnar tjáningar í kennslustofunni.

**Samtals kostnaður:** 746.438 kr.

Endurmenntun Háskóla Íslands

Fagfélag: Félag þýzkukennara

„Jugendliche lernen anders. Arbeit mit landeskundlichem Material im DaF-Unterricht“

Fjöldi daga: 2

Fjöldi þátttakenda: 12

Kennarar

Johannes Kapp

#### Námskeiðslýsing

Neuere Forschungsergebnisse zeigen, dass Jugendliche für ihren Deutschunterricht besondere Wünsche haben. Zentrale motivierende Momente aus Sicht der Zielgruppe: Der Deutschlandbezug und die Nutzung Neuer Medien im Unterricht. Wir thematisieren im Seminar, wie wir als Lehrer/innen diese Momente einerseits schon berücksichtigen und andererseits vielleicht noch stärker erücksichtigen können. Im Fokus steht die Arbeit mit authentischen landeskundlichen Materialien. Anhand von Kunstbildern und literarischen Texten, sowie Fotos und Sachtexten werden eine Reihe von Möglichkeiten des Einsatzes erprobt und reflektiert, Übungen und Aufgaben entwickelt.

Samtals kostnaður: 816.167 kr.

Endurmenntun Háskóla Íslands

**Fagfélag:** FLÍF – Félag lífsleiknikennara í framhaldsskólum

„Hvernig nýtist núvitund í kennslu?“

**Fjöldi daga:** 2

**Fjöldi þátttakenda:** 32

**Kennarar**

Anna Dóra Frostadóttir

Margrét Bárðardóttir

**Námskeiðslýsing**

Fjallað um sjálfstýringu hugans, hvernig má þjálfa hann og beina athyglinni til aukinnar sjálfsvitundar. Farið í helstu núvitundarhugleiðsluæfingarnar, hvernig má lifa í núinu, njóta betur og auka vellíðan.

**Samtals kostnaður:** 847.600 kr.



**Endurmenntun Háskóla Íslands****Fagfélag:** FSF – Félag starfsbrautarkennara í framhaldsskólum**„Kennsla einhverfra“****Fjöldi daga:** 2**Fjöldi þátttakenda:** 50**Kennarar**

Svanhildur Svavarsdóttir

**Námskeiðslýsing**

Fjallað um leiðir sem sýna hvernig má vinna með nemendur með sérþarfir og eða einhverfu/ofvirkni á framhaldsskólastigi meðal annars: nýjustu rannsóknir varðandi vinnu með nemendur á einhverfurófinu. Aðferðir sem efla kennslu fyrir nemendur með einhverfu. Leiðir til að efla félagslegan skilning og samvinnu meðal nemenda og leiðir til að efla færni í samskiptum. Sýnd myndbönd sem sýna leiðir í að nota sjónrænt skipulag. Farið yfir hvernig á að setja upp skipulag sem stuðlar að betra námi og færni nemenda í framhaldsskólum, leiðir sem stuðla að meiri virkni í námi nemenda með einhverfu eða Asperger greiningu.

**Samtals kostnaður:** 1.503.805 kr.

Endurmenntun Háskóla Íslands

Fagfélag: Samlíf – Samtök líffræðikennara

„Smádýr“

Fjöldi daga: 3

Fjöldi þátttakenda: 28

**Kennarar**

Guðmundur Halldórsson, Ph.D. í landbúnaðarvísindum ásamt gestafyrirlesurum

**Námskeiðslýsing**

Gerð er grein fyrir flokkun smádýra og aðferðum við söfnun og greiningu. Niðurstöður ýmissa rannsókna kynntar auk þess sem öðrum viðfangsefnum greinarinnar eru gerð skil, einkum þeim sem hafa mikil áhrif á mannlegt samfélag. Þar má nefna skaðsemi smádýra og nytjar af þeim. Lögð verður áhersla á að kynna rannsóknir á smádýrum sem tengjast íslenskri náttúru. Farið er í vettvangsferð þar sem skoðuð verða smádýrasamfélög og þátt. leiðbeint um söfnun, varðveislu og greiningu smádýra.

Samtals kostnaður: 1.219.963 kr.

## Endurmenntun Háskóla Íslands

**Fagfélag:** Samtök sálfræði- og uppeldisfræðikennara

### „Heilinn og hamingjan“

**Fjöldi daga:** 2

**Fjöldi þátttakenda:** 45

#### Kennarar

Dr. Guy Sutton, Bretlandi  
Hrefna Guðmundsdóttir, sálfræðingur

#### Námskeiðslýsing

Meginefni námskeiðsins er tengt heilanum og heilastarfsseminni. Hugað er að því hvernig heilastarfsemi tengist sálfræðilegum þáttum, t.d. hvað varðar geðraskanir, nám og þroska, skynjun og svefn og margt fleira. Farið er yfir nýjustu rannsóknaraðferðir og nýjustu rannsóknarniðurstöður kynntar. Hluti námskeiðsins verður helgaður jákvæðri sálfræði. Fjallað verður t.d. um hamingjumælingar, hvernig við getum aukið vellíðan með markvissum hætti og hvað má læra af þeim sem eru allra hamingjusamastir. Ýmis kennsluverkefni verða kynnt og hugað að því hvernig kennarar geta nýtt sér verkefni úr jákvæðri sálfræði í kennslu sinni.

**Samtals kostnaður:** 691.094 kr.

**Endurmenntun Háskóla Íslands****Fagfélag:** STÍL – Samtök tungumálakennara**„Námsmat á grundvelli Evrópurammans – ritun“****Fjöldi daga:** 2**Fjöldi þátttakenda:** 20**Kennarar**

Sylvie Lepage

**Námskeiðslýsing**

Fjallað um mat á ritfærni á grundvelli Evrópurammans (þrep A2, B1, B2) og aðalnámskrár framhaldsskóla, en þar segir að „námsmat skal byggja á margvíslegum námsmatsaðferðum og fela í sér traustar heimildir um hæfni nemenda.

Þess skal gætt að námsmatið taki til allra þátta námsins þannig að þekking nemenda, leikni og hæfni auk framfara sé metin. Námskeiðið er framhald af sumarnámskeiðum STÍL 2013 og 2014 þar sem fjallað var um námsmat aðlagað að Evrópurammanum og nýrri námskrá. Hér er sjónum beint að þrengra sviði og lögð áhersla á hvernig mat er lagt á ritun á grundvelli færniþrepa rammans.

**Samtals kostnaður:** 753.163 kr.

## Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

**Fagfélag:** 3f – Félag um upplýsingatækni og menntun

### „Stafrænt kennsluefni og miðlun“

**Fjöldi daga:** 2

**Fjöldi þátttakenda:** 26

#### Kennarar

S. Fjalar Jónsson  
Jóhanna Geirsdóttir

#### Námskeiðslýsing

Þriðjudagurinn 9. júní 2015 – Upptökur á efni og samsetning

- Verkfærin og möguleikarnir
- Stærðarhlutföll
- Upptökur af skjá með Camtasia
- PowerPoint og fyrirlestrar
- Klippingar og myndvinnsla með Camtasia
- Texti og grafík
- Tónlist
- Myndskeið verður til

Miðvikudagurinn 10. júní 2015 – Miðlun efnis á YouTube og vef

- Upptökur með öðrum tækjum
- Klippingar og myndvinnsla með Camtasia
- YouTube, Vimeo
- Rásir á YouTube
- Fleiri leiðir til miðlunar efnis

Framhald

Júní–september Spurt og svarað á vefnum

**Samtals kostnaður:** 936.500 kr.

**Fjölbrotaskólinn í Breiðholti****Fagfélag:** FATEX – Félag fata- og textílkennara í framhaldsskólum**„Stafræn hönnun í textílkennslu“****Fjöldi daga:** 3**Fjöldi þátttakenda:** 8**Kennarar**

Soffía M. Magnúsdóttir

**Námskeiðslýsing**

Þátttakendur fá tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Markmið er að auka þekkingu á persónumiðaðri hönnun, stafrænum framleiðsluaðferðum, efla nýsköpun, auka tæknilæsi og tæknivitund.

Stafræn tækni, frjáls hugbúnaður og textíll í FabLab smiðju. Kennt er á teikniforrit sem henta fyrir hönnun og auka fjölbreytileika við textílkennslu. Kynnast möguleikum með stafrænum framleiðsluaðferðum í laserskera, vínylskera og fræsivélum. Ætla mætti að námskeiðið nýtist kennurum til að kynnast nýjustu aðferðum innan textíliðnaðarinnar og hanna áhöld fyrir greinina í 2vídd og 3vídd. Námskeiðið brúar bil á milli stafrænnar hönnunar, stærðfræði, tækni, færni og nýsköpunar.

Á námskeiðinu er fjallað um

- Hönnun, sköpun
- Stafræna tækni og frjálsan hugbúnað
- Úrvinnsla og öðruvísi þekking

Ávinningur

- Fá nýja þekkingu inn í kennsluna og möguleika að nýta FabLabsmiðju.
- Framleiðsluaðferðir í iðnaði
- Aukið tæknilæsi

**Samtals kostnaður: 898.929 kr.**

## Listaháskóli Íslands

**Fagfélag:** SLHF – Samtök list- og hönnunarkennara á framhaldsstigi

### „Rödd, raddbeiting og frásagnarlist“

**Fjöldi daga:** 4

**Fjöldi þátttakenda:** 24

#### Kennarar

Rakel McMahon, Jóni Jónsdóttir, Vigdís Jakobsdóttir, Rebekka Ingimundardóttir og Egill Ingimarsson

#### Námskeiðslýsing

##### *Mánudagur 10. ágúst*

9:00-10:30 Vigdís Jakobsdóttir og Rakel McMahon upphitun og samhringingur þar sem þátttakendur upplifa rýmið

10:45-13:00 Rakel McMahon og Vigdís Jakobsdóttir Hvar eru gjörningar? Hvernig geta þeir virkað sem kennsluaðferð

14:00-16:30 Rakel McMahon, Jóni Jónsdóttir og Vigdís Jakobsdóttir, hugmyndavinna

16:30-17:00 Hópar skipuleggja eigin vinnu fyrir dag tvö. Rakel McMahon, Jóni Jónsdóttir og Vigdís Jakobsdóttir

##### *Þriðjudagur 11. ágúst*

9:00-10:30 Egill Ingimarsson og Vigdís Jakobsdóttir með fyrirlestur og sýningar á umgjörð / umhverfi – almenna umfjöllun um nýtingu hljóðs, ljóss og leikmuna.

10:45-13:00 Egill Ingimarsson, Vigdís Jakobsdóttir og Rakel McMahon tilraunir í rými

14:00-16:00 Rakel McMahon og Jóni Jónsdóttir, vinna í tengsl við hópaverkefni.

16:00-17:00 Hópar skipuleggja eigin vinnu fyrir dag þrjú. Rakel McMahon og Jóni Jónsdóttir

##### *Miðvikudagur 12. ágúst*

9:00-10:30 Rebekka Ingimundardóttir og Vigdís Jakobsdóttir með fyrirlestur um site specific / óhefðbundið rými út frá leik- og búningahönnun.

10:45-13:00 Rakel McMahon og Jóni Jónsdóttir, vinna í tengsl við hópaverkefni.

14:00-16:00 Rakel McMahon og Jóni Jónsdóttir, vinna í tengsl við hópaverkefni.

16:00-17:00 Hópar skipuleggja eigin vinnu fyrir dag fjögur. Rakel og Jóni leiðbeina

##### *Fimmtudagur 13. ágúst*

9:00-10:30 Loka undirbúningur gjörninga - Rakel McMahon og Jóni Jónsdóttir

10:45-13:00 Rakel McMahon og Jóni Jónsdóttir - yfirferð gjörninga.

14:00-16:00 Rakel McMahon og Jóni Jónsdóttir - yfirferð gjörninga.

16:00-17:00 Umræður og mat á ferli

**Samtals kostnaður:** 1.592.620 kr.

**Menntaskólinn í Kópavogi**

**Fagfélag:** Samtök kennara í viðskipta- og hagfræðigreinum

**„Sumarnámskeið SKVOH 2015“**

**Fjöldi daga:** 1

**Fjöldi þátttakenda:** 27

**Kennarar**

Þóranna K. Jónsdóttir

Þórarinn Pétursson

**Námskeiðslýsing**

Farið í markaðsfræði á netinu og möguleika þess.

Farið yfir stöðu og stefnu - möguleika og hættur í gjaldmiðlamálum þjóðarinnar; sýn Seðlabanka Íslands á málið.

**Samtals kostnaður:** 427.859 kr.